

1 Veldu orðin, sem passa best við eyðurnar, úr þessum lista. Hvert orð má aðeins nota einu sinni.

 Help

stundum	Breiðholti	fjögur	auðvitað	duglegur
kenna	heimilinu	systur	á	Gummi
finnst	Sveinn Snorri	geta	fjörugir	hundleiðinlegt

Ég heiti Guðmundur, oftast kallaður Gummi ✓. Ég á heima í Breiðholti ✓ með foreldrum mínum sem heita Sigríður og Sveinn Snc ✓. Þau eru bæði sagnfræðingar. Svo eignast ég bráðum litla systur ✓. Það verður gaman þegar við verðum orðin fjögur ✓ á heimilinu ✓. Ég á ✓ ekki mörg áhugamál en mér finnst ✓ þó gaman að fara í sund. Pabbi og mamma reyna stundum ✓ að draga mig á söfn en það er hundleiðinle ✓. Þegar litla systir verður komin í heiminn ætla ég að vera duglegur ✓ að hjálpa til. Seinna ætla ég að kenna ✓ henni að hjóla. Og auðvitað ✓ að synda! Mig langar svolítið í gæludýr. Mest langar mig í hund; þeir eru svo fjörugir ✓. Þeir eru líka mjög klárir og geta ✓ oft hjálpað eigendum sínum.

Maximum marks: 20

**2 Veldu rétt orð/orðasamband sem passar best í eyðuna.**

1. Ég  (er í, fer í, **hef**, er með, á) tíma núna til að tala við þig, en ekki klukkan 11.

2. Kærastinn minn  (er í, hefur, **á**, er með, fer í) vin sem hætti fljótlega að reykja.

3. Sandra  (á, hefur, er í, fer í, **er með**) dökkt sítt hár og blá augu.

4. Ég veit ekki hvort hann  (kemur í, **er í**, fer í, er á, fer á) vinnunni núna.

5. Mörður  (er með, fer í, hefur, er í, **á**) afmæli í september og verður 30 ára ef ég man rétt.

---

Maximum marks: 5

**3 Skrifaðu rétt eignarforbafn.**

Dæmi: Ég á hundinn. Þetta er hundurinn \_\_\_\_\_.

> Þetta er hundurinn minn.

1. Bjarki á þennan lampa. Þetta er þá lampinn  (**hans, hans.**) .

2. Ég skildi eftir litla tösku hjá þér. Geturðu komið töskunni  (**minni**) heim til mín?

3. María útskrifaðist í gær. Hún er búin að klára námið  (**sitt, sitt.**) .

---

Maximum marks: 2.1

**4 Skrifaðu rétt form af sögninni í þátt. Notaðu bara eitt orð í hverja eyðu.**

1. Ég  (kenndi) (**kenna**) verkfræði þegar ég var ungur.

2. Bjarni  (drakk) (**drekka**) allt of mikið kaffi í gærkvöldi og hann var auðvitað ósofinn í morgun.

3. Kata  (valdi) (**velja**) frábæra afmælisgjöf.

---

Maximum marks: 2.1

**5 Skrifaðu rétt form af nafnorðinu, án greinis.**

1. Hvernig getur þú talað við þennan  (mann, mann?) (**maður**) ?

2. Sara ætlar að fá samloku með skinku og  (osti, osti.) (**ostur**).

3. Ég hef aldrei verið í  (afa) (**Grikkland**) áður.

4. Ég fer til  (afa) (**afi**) á hverjum degi.

5. Farðu í þennan  (bol) (**bolur**) frekar. Hann er betri.

6. Við þurfum að flokka öll þessi skjöl með gulum  (miðum) (miðar).

---

Maximum marks: 4.2

**6 Skrifaðu rétt form af fornafninu.**

1. Þetta er skrifstofa  (ykkar, ykkar.) **(þið)** .
2. Af hverju þarf ég að fara með  (henni) **(hún)** í skólann?
3. Silja má ekki trufla  (okkur) **(við)** núna.
4. Ekki segja mér frá  (honum, honum!) **(hann)** !
5. Það sést alveg að Bjarni saknar  (okkar, okkar.) **(við)**.
6. Mig langar ekki að hitta  (hann) **(hann)** á morgun.

---

 Maximum marks: 4.2
**7 Skrifaðu rétt form af nafnorðinu, í eintölu, með greini.**

1. Ég hjálpaði  (kennaranum) **(kennari)** að flytja.
2. Hér eru nýju föt  (mannsins, mannsins.) **(maðurinn)** .
3. Þú þarft bara að eyðileggja  (myndina, myndina.) **(mynd)** .

---

 Maximum marks: 2.1

**8 Skrifaðu rétt form af sögninni í nútíð. Notaðu bara eitt orð í hverja eyðu.**

1. Við  (hittum) (hitta) ráðherrann á eftir.

2. María  (syngur) (syngja) í kór.

3. Kári  (sefur) (sofa) út um helgar.

---

Maximum marks: 2.1

**9 Skrifaðu rétt form af lýsingaorðinu í frumstigi.**

1. Carlos er í  (svartri) (svartur) úlpu.

2. Ég borða helst  (sterkan) (sterkur) mat.

3. Ljósíð var þegar  (rautt) (rauður) þegar þú fórst yfir.

---

Maximum marks: 2.1

**10 Veldu rétt form af lýsingarorðinu sem vantar.**

Þessi handbók er miklu \_\_\_\_\_ en hin.

- skýrara
- skýrust
- skýrari
- skýrar



Það er orðið allt of \_\_\_\_\_ núna.

- heitara
- heitt
- heitasta
- heit



María er \_\_\_\_\_ nemandinn í bekknum.

- besti
- besta
- betur
- bestur



Hlutfall ferðamanna frá Bandaríkjunum er \_\_\_\_\_ en í fyrra.

- lágt
- lægst
- lægri
- lægra



---

Maximum marks: 4

### 11 Skrifaðu rétt form af sögninni.

1. Kári og Sara hafa  (skemmt) (**skemmta**) sér mjög mikið í veislunni.

2. Geturðu  (hvatt) (**hvetja**) hann til að hafa samband við mig aðeins oft?

3. Ég hef  (bent) (**benda**) á þessa villu mörgum sinnum!

---

Maximum marks: 2.1

**12 Hlustaðu á hljóðskrána og svaraðu spurningunum.****1. Markús**

- hefur þekkt Önnu lengi
- er frá Þýskalandi ✓
- vann á kaffihúsi þegar hann var nýkominn til landsins
- er pólskur og vinnur í Hörpu

**2. Hverjir eru bestu vinir?**

- Anna, Markús og Halldór
- Anna og Halldór
- Anna og Markús
- Halldór og Markús ✓

**3. Hvað er rétt?**

- Markús flutti til Íslands rétt fyrir kóvid ✓
- Anna er að læra jarðfræði
- Markús er skiptinemi í menntaskóla
- Anna flutti til Íslands árið 2016



**4. Af hverju fluttu Anna og Markús til Íslands?**

- Anna vildi breyta til og prófa eitthvað nýtt ✓
- Þau vita það ekki alveg
- Markús veit það ekki alveg
- Markús langaði að læra íslensku og verða kennari

**5. Hvernig gengur Markúsi og Önnu að eignast vini hér?**

- Markúsi finnst mjög erfitt að kynna fólk hér
- Anna á bara íslenska vini. Hún kynntist þeim í kaþólsku kirkjunni
- Anna á marga pólska vini. Hún kynntist þeim í pólska skólanum ✓
- Markús er ekki í sambandi við fjölskylduna frá skiptinematímanum

**6. Markúsi finnst gaman að taka ljósmyndir. Hvernig myndir tekur hann?**

- Hann tekur bara myndir af fólk, sérstaklega krökkum
- Hann tekur aðallega myndir í göngutúrum úti í náttúrunni ✓
- Hann tekur oft myndir af krökkunum sínum
- Hann tekur oftast myndir af húsum og hlutum í Reykjavík

**7. Hvað segir Anna um áhugamál sín?**

- Henni finnst ekki sérstaklega gott að fara í sund
- Hún hefur mikinn áhuga á hestum
- Hún hefur áhuga á bókmenntum og les mikið ✓
- Henni finnst gaman að taka myndir úti í náttúrunni

**8. Hvað ætla Anna og Markús að gera í sumar?**

- Markús ætlar að ganga á fjöll hér á Íslandi í sumar ✓
- Þau ætla ekki að fara til útlanda í sumar
- Anna ætlar að heimsækja fjölskylduna í Póllandi
- Anna ætlar að ferðast um Ísland og fara vestur á land

**9. Hvað er rétt um fjölskyldur Önnu og Markúsar?**

- Markús á einn bróður
- Anna á fjögur systkini ✓
- Markús á mörg systkini
- Anna á tvo bræður

**10. Anna talar um náttúruna á Íslandi og Póllandi. Hvað er rétt?**

- Henni finnst lyktin í skógum mjög góð ✓
- Henni finnst óþægilegt að vera innan um há tré
- Hún á margar góðar minningar úr skógunum á Íslandi
- Hún er ekki mjög hrifin af skógum

**11. Systir Markúsar**

- er eldri en hann
- er í námi á Ítalíu ✓
- er að læra kvikmyndafræði á Íslandi
- býr á Íslandi með fjölskyldu sinni

**12. Hvað er rétt um fjölskyldur Önnu og Markúsar?**

- Markús á tvö systkini
- Þau eiga bæði stóra fjölskyldu
- Anna og systur hennar eiga börn
- Þau eiga bæði fjölskyldur á Íslandi



---

Maximum marks: 25

### 13 Lestu textann og svaraðu spurningunum

Ég heiti Renate. Ég er þýsk, nýorðin fertug, og elska Ísland meira en allt. Ég er kennslukona og kenni tungumál við menntaskóla í Potsdam í Þýskalandi. Ég hef haft áhuga á Íslandi síðan ég var lítil og byrjaði að læra tungumálið fyrir tuttugu og fjórum árum þegar ég var enn í menntaskóla.

#### 1. Renate

- kennir íslensku í menntaskóla
- hefur lengi haft áhuga á Íslandi ✓
- er íslensk
- er 24 ára gömul

Ég bý því miður enn þá í Þýskalandi en langar mjög mikið til að búa á Íslandi. Ég ferðast til eyjunnar oft og mörgum sinnum á hverju ári, vetur, sumar, vor og haust. Maðurinn minn heitir Günter. Hann deilir ekki áhuga mínum á Íslandi og hefur bara komið þangað einu sinni. Það var fyrir fjórum árum síðan og hann var bara á landinu í tæplega viku. Hann er hrifnari af menningu en náttúru og finnst Ísland vera með mjög fátæklega menningu. Hann á líka stórt fyrirtæki í Brandenburg sem er honum mikilvægt og vill þess vegna búa í Þýskalandi.

#### 2. Renate

- finnst Ísland vera með fátæklega menningu
- langar ekki til að búa á Íslandi
- hefur oft búið á Íslandi
- býr líklega ekki á Íslandi vegna Günters ✓

#### 3. Günter

- býr á eyju
- fer til Íslands á hverju ári
- er hrifinn af menningu ✓
- langar til að búa á Íslandi

#### 4. Günter

- Günter var í tvær vikur á landinu
- á fyrirtæki á Íslandi
- Günter var í minna en viku á Íslandi ✓
- er hrifinn af íslenskri menningu

Ég elska að ferðast til Íslands og íslensk náttúra er í mestu uppáhaldi hjá mér en ég er líka hrifin af tungumálinu og menningunni. Ég hef séð flesta frægustu staði Íslands eins og Þingvelli, Geysi og Gullfoss. Ég hef líka séð Dettifoss, Goðafoss, Mývatn, Skaftafell og verið í öllum landshlutum og líka á hálendinu. Einn landshluta Íslands hef ég samt ekki enn séð. Vestfirði. Mig langar sérstaklega mikið að sjá fossinn Dynjanda og listasafn Samúels Jónssonar í Selárdal. Það er líka fullt af öðrum stöðum sem mig langar að sjá, eins og Látrabjarg og Rauðisandur. Núna skipulegg ég ferð til Vestfjarða.

#### 5. Renate

- finnst íslenska leiðinlegt tungumál
- hefur ekki séð flesta þekktustu staðina á Íslandi
- hefur oft farið til Vestfjarða
- er mjög hrifin af náttúrunni á Íslandi ✓

#### 6. Renate

- hefur séð fossinn Dynjanda
- hefur komið til allra landshluta á Íslandi
- hefur aldrei komið í Skaftafell
- langar að fara í Selárdal ✓

Ég ætla að fljúga til Íslands frá Þýskalandi 29. júlí. Ég ætla bara að vera eina nótt í Reykjavík. Mér líkar ekki vel við allt túristaflóðið þar og hef séð allt það áhugaverðasta þar. Síðan leigi ég bíl og fer beint til Vestfjarða. Planið er að ferðast um sunnanverða Vestfirði og skoða mig um þar,

fara í sund, skoða fuglalífið og mannlífið vel. Vonandi verður veðrið gott, þurrt og mikil sól því þegar veðrið er vont er oft erfitt að komast á milli staða, sérstaklega þegar maður þarf að keyra á malarvegum og yfir heiðar. Malarvegirnir eru oft vafasamir og erfitt að keyra þá í bleytu.

## 7. Renate

- ætlar að fara í sund í Reykjavík
- ætlar að skoða mannlífið í Reykjavík
- langar til að sjá allt það áhugaverðasta í Reykjavík
- ætlar ekki að skoða sig um í Reykjavík ✓

## 8. Hvernig fer Renate til Vestfjarða

- Hún keyrir bílaleigubíl ✓
- Hún flýgur
- Hún fer þangað á bílnum sínum
- Hún tekur rútu

## 9. Hvað er rétt?

- Það er auðvelt að keyra á malarvegum
- Það er alltaf þurrt og gott veður á Vestfjörðum
- Það eru engir fuglar á Vestfjörðum
- Það getur verið erfitt að keyra á Vestfjörðum ✓

20. ágúst ætlar Renate að fara til Ísafjarðar. Ísafjörður er stærsti bær Vestfjarða. Þar ætlar Renate að taka þátt í íslenskunámskeiði hjá Háskólasetri Vestfjarða sem er í tvær vikur og byrjar 21. ágúst. Hún veit að Ísafjörður og norðanverðir Vestfirðir eru góður staður til að æfa sig í málinu og hana langar til að verða betri og tala meira. Í Þýskalandi fær hún sjaldan tækifæri til þess að æfa sig. Renate hefur því miður ekki tíma til að fara á Hornstrandir eða Strandir á Vestfjörðum. Hún mun gera það næst. Námskeiðinu lýkur 1. september og hún fer suður 2. september og flýgur síðan til baka til Günters daginn eftir.

**10. Af hverju fer Renate til Ísafjarðar?**

- Af því að hana langar til að geta talað íslensku betur ✓
- Af því að Ísafjörður er stærsti bær Vestfjarða
- Af því að hún ætlar að fara á Hornstrandir
- Af því að hún ætlar að vera á íslenskunámskeiði þar til 3. september

---

Maximum marks: 25